

Alþingi
Erindi nr. P 136/365
komudagur 4. 136/365

4.12.2008

Umhverfisnefnd Alþingis.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 27. nóvember var eftirfarandi fært til bókar:

“Erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 17. nóv. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandaflijóts.

Með bréfi óskar Umhverfisnefnd Alþingis umsagnar um hjálagða tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandaflijóts, 34. mál.

Þó að sveitarstjórn Skútustaðahrepps geti tekið undir margt af því sem fram kemur í fyrrnefndu plaggi þá telur hún að það sé ekki í hennar valdi að mæla með friðlýsingu Skjálfandaflijóts. Slíkt hlýtur alltaf að vera á valdi þeirra sveitarfélaga sem þar fara með stjórnslu.”

Kv

Guðrún M. Valgeirsdóttir
Sveitarstjóri Skútustaðahrepps
864-4141/464-4163